

Framboð til meðstjórnanda Sálfræðingafélags Íslands 2020

Ég heiti Elsa Kristjánsdóttir og býð mig fram til meðstjórnanda SÍ. Ég útskrifaðist með cand.psych gráðu frá Háskóla Íslands árið 2008 og fékk löggildingu sem sálfræðingur sama ár. Ég útskrifaðist með áherslu á fullorðins- og vinnusálfræði en fór beint eftir útskrift í skólasálfræðina þar sem ég hef verið að sinna að mestu sálfræðipjónustu fyrir leik- og grunnskóla hjá Reykjavíkurborg. Ég hef setið í margvíslegum nefndum hjá Reykjavíkurborg í tengslum við ýmis málefni og er til að mynda í verkefnastjórn sem hefur það hlutverk að endurskipuleggja stuðningsþjónustu fyrir börn og fjölskyldur þeirra hjá borginni.



Samhliða störfum mínum hjá Reykjavíkurborg hef ég sinnt sálfræðipjónustu út á landi þar sem ég þjónusta leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla. Einnig sit ég nú í kjaranefnd þar sem ég tek þátt í kjarabaráttunni fyrir hönd sálfræðinga hjá Reykjavíkurborg.